

Siglingaráð

11. fundur

Dags.: 13. desember 2018, kl. 11:00 til 13:40 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Gunnar G. Gunnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna).

Gestir fundar: Einar Örn Héðinsson farsviði, Magnús D. Baldursson lögfræðingur siglinga, Sverrir Konráðsson og Gunnar Geir Gunnarsson frá Samgöngustofu.

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerðir 9. og 10. fundar Siglingaráðs. (Áp sendi í tölvupósti)
3. Kynning á starfsemi Samgöngustofu. (Glærुकynning EÖH og HSS, verður send í tölvupósti)
4. Reglugerð um lyf og læknisáhöld. Minnisblað, Magnús D. Baldursson, Samgöngustofa.
5. Kynning á verkefnum Samgöngustofu á sviði siglinga. (Glærुकynning SK, verður send í tölvupósti)
6. Ráðstöfun fjármuna árið 2018. Samgöngustofa. (lagt fram á 10. fundi)
7. Umsókn LHG um styrk til myndbandsgerðar. (Skjal sýnt í skjávarpa)
8. Tillaga að aðgerðaráætlun 2019. (Skjal sýnt í skjávarpa).
9. Drög að tékklista fyrir strandveiðar. Samgöngustofa.
10. Auglýsing. Svefnleysi-Ofþreyta og nýtt logo. (Sýnt í skjávarpa)
11. Könnun á líðan og öryggi sjómanna 2014. (Gallup, hlekkur verður sendur)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Ásbjörn setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Var Samgöngustofu þakkað heimboðið.

1. Fundargerðir 9. og 10. fundar samþykktar með nýjustu breytingu frá AH á 10. fundargerð. HSS bauð ráðið velkomið í húsakynni Samgöngustofu en Þórólfur forstjóri var fjarverandi og bað fyrir kveðju til fundargesta. HSS og EÖH kynntu starfsemi Samgöngustofu (framlagt gagn nr. 3). Starfsmenn eru núna rúmlega 150 talsins og sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði flug-, umferðar- og siglingamála. Nýtt skipurit tók gildi í haust en þar voru þrjár skírteinadeildir sameinaðar í eina „Nám og skírteini“ sem stýrt er af deildarstjóra en þrjár fagstjórar á hverju sviði munu starfa þar og annast auk skírteinaútgáfu eftirliti með fagskólunum. Mikilvægur hluti er að samræma og tryggja atvinnuréttindi í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Í upptalningu á helstu verkefnum á sviði siglinga kom fram m.a. að Advania vinni nú að gerð nýju „Skútuunnar“ þar sem haldið verður utan um skipaskrá, skoðunarskýrslur og útgáfu skírteina. Lögskráningarkerfið, sem er séríslenskt og snýst um öryggi, tryggingar og réttindi, er hluti af verkefninu en hugmyndir hafa verið um að fá aðra aðila til að annast þann hluta sem þarfnast verulegra endurbóta sérstaklega aðgengi. Ákveðið var að ræða lögskráningarkerfið á næsta fundi og fá kynningu á Skútuverkefninu á nýju ári. Nýja ársskýrsla Samgöngustofu er að finna á netinu sjá https://www.samgongustofa.is/media/um-okkur/Arsskyrsla_2017-utgafa-vefur.pdf
2. MDB fór yfir minnisblað varðandi reglugerð um lyf og læknisáhöld. Kröfur um lyf og sjúkragögn lyfjakistunnar eru úreltar, byggðar á grunni gamallar ESB tilskipunar sem til stendur að uppfæra. Mikilvægt er að lyfjakistan sé ávallt rétt útbúin fyrir hvert skip fyrir öryggi sjófarenda. Teymi

bráðalækna og kennara við Slysavarnaskóla sjómanna hafa boðist til að koma að endurskoðun lyfjakistunnar. GGG benti á að endurskoðun reglugerða væru verkefni ráðuneytisins og kannski á gráu svæði að nota fjármuni öryggisáætlunarinnar í að greiða fyrir sérfræðiráðgjöfina, því það gæti skapað fordæmi fyrir endurskoðun annarra reglugerða. Ráðið er meðvitað um hlutverk ráðuneytisins en telur engu að síður að rétt að styrkja verkefnið sem sértæka mikilvæga aðgerð til úrbóta í öryggismálum sjófarenda. ÁP og HSS fundi með sérfræðiteyminu sem fyrst og komi á samningi fyrir áramót.

3. Reglugerð um leiðarstjórnun skipa – að ósk SVP. MDB opnaði umræðu um mögulega endurskoðun á reglugerðinni en þar er ýmislegt sem þarf að skoða í samstarfi Samgöngustofu, LHG og ráðuneytis. GJ sagðist hafa tekið þátt í gerð reglugerðarinnar á sínum tíma og sagði frá aðdraganda að henni en að henni komu kaupskipaútgerðir, Siglingastofnun og umhverfisráðuneytið. Lagði hann til að settur væri á fót vinnuhópur til að endurskoða reglugerðina í heild sinni en hún er mjög flókin, sérstaklega fyrir erlenda skipstjórnendur. ÁLÁ upplýsti að samráðsfundur hjá Samgöngustofu verði á morgun þar sem á að ræða m.a. um þetta málefni. Ákveðið var að HSS og ÁLÁ setji saman vinnuhóp, í samráði við ráðuneytið, sem síðan verði skipaður formlega.
4. Lög um siglingavernd. GJ sagði frá mikilli óánægju útgerða með framkvæmd laganna og gjaldtöku hafna, einkum á landsbyggðinni. Nefndi hann sem dæmi að siglingaverndargjald væri 500 þús.kr á Vopnafirði meðan það væri 50 þús.kr hjá Faxaflóahöfnum. Erfitt hefur verið að útskýra þennan mikla mun fyrir skipstjórum erlendra skipa sem hafa viðkomu í íslenskum höfnum. Einnig sagði GJ frá gjaldmæli í höfn þar sem legðist á daggjald og síðan hærra næturgjald meðan skipið liggur við bryggjuna. AH sagði að ekki væri sanngjarnt að bera stærri og minni hafnir saman því á mörgum stöðum væri mikil fyrirhöfn að loka af svæði og taka á móti erlendum skipum, sem mun minna mál fyrir hafnir þar sem farskip koma nánast daglega og því alltaf girtar af. AH benti einnig á tilvik þar sem aðkomuskip væru rukkuð um sorplosunargjald þó þau lægju fyrir akkeri og ekkert sorp færi í land. BA tók undir að það væri ekki gott að bera saman litlar hafnir við Faxaflóa- eða Fjarðabyggðarhafnir því gjaldtakan skipti þær minna máli. ÁLÁ sagði að í lögnum um siglingavernd væru miklar heimildir sem hafnir hafa til gjaldtöku. BA sagði að þyrfti að rökstyðja ákvörðun þessara gjalda sem heimilt er að leggja á skipin. Ákveðið að Samgöngustofa, BA, GJ og lögfræðingar ráðuneytisins skoði þessa hluti m.t.t að setja inn ákvæði um gjaldaramma.
5. Umsókn LHG um styrk til endurnýjunar myndabands um móttöku þyrilu. Samþykkt var að styrkja gerð myndabandsins en það verður gefið út á nokkrum tungumálum svo sem ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og frönsku en erlendum farmönnum hefur fjölgað mikið hér við land og stundum misskilningur um það hvernig skuli taka á móti þyrilu.
6. Könnun á líðan og öryggi sjómanna. GGG kynnti tillögu að endurtekningu könnunar sem gerð var í lok árs 2014 en tilboð hefur fengist hjá Gallup í verkefnið. Mögulegt er að bæta við spurningum og geta ráðsmenn komið með tillögur að breytingum. Samþykkt var að fara í verkefnið og ætlar GGG að senda hlekk í gömlu könnunina á ráðið.
7. Ráðstöfun fjármuna árið 2018 (framl. gagn nr. 6). GGG sagði frá breytingum frá síðasta fundi en greiddir reikningar eru komnir í 6,5 mkr. Það sem samþykkt hefur verið að ráðstafa til viðbótar á árinu eru um 11 mkr. Þannig að heildarútgjöld verða um 17,5 mkr. árið 2018. Öryggishandbók 5 mkr., atvikastráningarkerfi 1 mkr., undirbúningur lyfjakistu 2 mkr., myndband LHG 1 mkr. og Gallup könnun 2 mkr. Öll þessi verkefni hefjast á árinu og eru greiðslur bundnar samningum.
8. Aðgerðaráætlun árið 2019. GGG fór yfir drög að áætluninni og verður hún aftur á dagskrá á næsta fundi. ÓR kynnti tillögu að gátlista fyrir strandveiðar sem sendur verði á skráða eigendur báta fyrir strandveiðitímabilið, voru ráðsmenn hvattir til að koma með ábendingar. AH benti á mikilvægi þess að tölvupóstur og sími eigenda/skipstjóra verði rétt skráð í Skútunni þannig að hægt sé að senda þeim mikilvægar upplýsingar. Sýnd var ný auglýsing Svefnleysi-Ofþreyta ásamt nýju logo samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis fyrir Siglingaráð sem verður notað á útgefið efni á vegum öryggisáætlunarinnar, var hvort tveggja samþykkt. Umræða varð um VSS appið og virðast vera skiptar skoðanir á gagnsemi þess fyrir smábátasjómenn en það hentar vel fyrir farþegabáta. Í

umræðu um Öryggishandbækur sagði GHG að ISM kerfi (farskip) snerust um meira en öryggismálin og verði þungt í vöfum fyrir fiskiskipaútgerðir. Bent var á að sú vinna sem nú er hafin snúist um aðlögun að fiskiskipum.

9. Verkefni á sviði siglinga. SK kynnti verkefni sem Samgöngustofu ber að sinna samkvæmt lögum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Starfsemin er tekin út reglulega m.a. hjá EMSA nýverið og eru fleiri úttektir framundan. Stór IMSAT úttekt á stöðu siglingamála á Íslandi verður í maí. Úttektir verða á almennum skuldbindingum, fánaríkisskuldbindingum, strandríkisskuldbindingum og hafnarríkisskuldbindingum. Það er mikil vinna hjá starfsfólki stofnunarinnar að vinna öll þau gögn sem þarf að senda vegna úttekta á 5 ára fresti. Erindi SK var upplýsandi og ætlar hann að senda kynninguna á ráðið.

10. Önnur mál

- a. H2020 umræðu frestað – ráðið telur að skorti nauðsynlega fagþekkingu á geðheilbrigðismálum í forverkefninu.
- b. GGG ætlar að senda N4 nýja logoið og hvetja þá til dáða í myndbandagerðinni.
- c. HSS sagði að Steinþór hjá Samgöngustofu hafi boðið ráðinu uppá fræðslu um stöðugleikamál.

11. Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. janúar 2019.

IV ritaði fundargerð.